

Ed.

733. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um heimild fyrir landssjóð til að kaupa hlutabréf í Íslands banka og til að gefa út landssjóðs-skuldabréf.

Mál þetta, sem komið er til Ed. frá háttv. Nd. er svo mikilsvert og þannig vaxið, að ástæða er til að fara um það nokkrum orðum.

Þótt ekki séu liðin nema 3 þing síðan Íslands banki tók til starfa, þá á hann þó nokkra þingsögu á þessum árum, sem vert er að athuga.

Þó bankinn nýti mikilsverðra réttinda og hlunninda frá upphafi, þar sem hann með lögnum 7. júní 1902 fekk einkaleyfi fyrir seðlaútgáfu um 30 ár og skattfrelsi, þá liður ekki á löngu, þar til þessi réttindi þykja ónóg og farið er fram á ný og meiri réttindi. Og árið 1905 er allmikið rýmkað um hag bankans.

Með lögum nr. 51, 10. nóv. 1905 er bankanum leyft að gefa út banka-vaxtabréf fyrir *tvöfalt* hærri upphæð en *alt* hlutafé og varasjóður bankans nemur. Þá er honum og ennfremur með lögum nr. 65, 10. nóv. 1905 leyft að minka málmfordann úr $\frac{4}{8}$ niður í $\frac{3}{8}$, þó til málmfordans mætti telja innstæðu í þjóðbönkum Dana, Norðmanna og Englendinga án frádráttar.

Þetta var töluverður hagnaður fyrir bankann. Með því spöruðust að mun vextir af málmfordanum, sem hann losnaði við að hafa fyrirliðgjandi.

Árið 1907 er enn aukið við réttindi bankans.

Með lögum nr. 81, 22. nóv. 1907 er leyft að auka hlutafé bankans úr 3 milj. kr. upp í 5 miljónir króna.

Við meðferð þess máls á þinginu 1907 var því haldið fram af stuðningsmönnum málsins, að þessi aukning hlutafjárins væri nauðsynleg til þess að bæta úr peningakröggum landsmanna. En af öðrum var gagnið af þessu fyrir landsmenn dregið í nokkurn efa, þar eð ætla mætti, að féð gengi til að borga erlendar skuldir bankans.

Nú hefir svo farið, að hlutabréf fyrir þessum viðbættu 2 milj. króna í hlutafé hafa ekki selst.

Heimildin fyrir hlutafjárauka bankans hefir því ekki orðið að notum enn sem komið er, og því er heldur engin reynsla fengin fyrir því, hvort hlutafjár-aukinn hefði bætt úr peningapörf landsmanna eða verið notaður til skuldalúkn-inga erlendis.

Nú er landssjóði boðið að gjörast hluthafi í bankanum, með því að kaupa hlutabréf fyrir umræddum 2 milj. króna hlutafjárauka. Um það hljóðar frumvarp það, sem nefndin hefir fengið til athugunar.

Tilgangur frumv. er tvennur: hlutabréfakaupin eiga að greiða úr peningapörf landsmanna, og yfirráð bankans eiga að komast í vorar hendur jafnframt því, sem landið verður eigandi að allmiklum hluta bankans.

Þennan góða tilgang virðir nefndin mjög mikils. En hún fær ekki séð, að full trygging sé fyrir því að tilgangurinn náist.

Að því er snertir það atriðið, að kaupin greiði úr peningapörfinni hér innanlands, þá hefir nefndin nokkra ástæðu til að ætla, að féð myndi verða notað til greiðslu á skuldum bankans erlendis. En hvort þetta kynni að verða

til þess, að bankinn drægi minna inn af lánum hér en ella, eða hann kynni að taka ný lán erlendis og færa þá peninga inn í landið, um það getur nefndin ekki dæmt. Nefndinni virðist því tvísýnt, hvort kaup þessi greiddu verulega úr peningapörfinni.

Um hitt atriðið skal það eitt tekið fram, að þótt landssjóður yrði eigandi að tveim miljónum króna hlutafjár, þá standa þó 3 miljónir sem eign annara, og yfirráð landssjóðs eru því ekki fulltrygð að álitni nefndarinnar.

En þá er á það að líta, hve álitleg þau kjör eru að öðru leyti, sem landssjóði bjóðast sem kaupanda.

Bankinn vill selja hlutabréf sín með yfirverði. Hann heimtar alt að 101 fyrir hundrað hvert. En gegn þessu verði vill hann ekki taka skuldabréf landsjóðs nema á 98 hundrað hvert. Til milligjafar í þessum bréfaskiftum á landsjóður því alls að borga 60 þús króna í peningum.

Í sambandi við þetta vill nefndin geta þess, að nú í apríl var verðið á hlutabréfum bankans 99 hvert hundrað. Í því verði er þó talinn meðfylgjandi arður fyrir síðasta ár ($6\frac{1}{2}\%$) og arður frá þessa árs byrjun. Sé arðurinn dreginn frá, þá er sannvirði hlutabréfanna auk arðs 91—92 fyrir hvert hundrað. Landssjóði er ekki ætlaður arður af bréfunum fyr en frá 1. júlí þ. á. og er því auðsætt, að landssjóður verður að borga miklu hærra verð fyrir hlutabréfin, en sem nemur núverandi gangverði þeirra.

Nefndin getur því eigi álitnið að hér sá um nein kjarakaup að ræða, sem landssjóður hafi ástæðu til að keppa eftir.

Þá er það og athugandi, að með þessum kaupum tekur landssjóður á sig ábyrgð, sem vel má vera, að ekkert sé ískyggileg, en sem eigi að síður verður til þess að bæta við þær miklu ábyrgðir, sem nú hvila á landssjóði.

Af þessum sökum öllum leyfir nefndin sér að leggja til að málið verði ekki afgreitt frá þessu þingi.

Alþingi 4. maí 1909.

Jens Pálsson,
formaður.

Jósef Björnsson,
skrifari og framsögum.

Lárus H. Bjarnason.

Eiríkur Briem.

Kristinn Danielsson.